

Nr. 78  
28. nóv.

# Lög

um

## landhelgisvörn.

**Vjer Christian hinn Tfuendi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi af Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að kaupa eða láta byggja, svo fljótt sem verða má, eitt eða fleiri skip til landhelgisvarna með ströndum Íslands, og heimilast henni að taka lán til þess.

Fáist ekki hentugt skip til kaups, heimilast stjórninni að taka skip á leigu á meðan hún lætur byggja skip.

2. gr.

Kostnaður við útgerð strandvarnarskipsins greiðist úr rikissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaluborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Jón Magnússon.*